

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 2. október 2018, í máli nr. E-508/2017:

Gísli Reynisson

(Reimar Pétursson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 4. september sl., er höfðað með stefnu birtri 30. janúar 2017. Stefnandi er Gísli Reynisson, Lindarflöt 26 í Garðabæ. Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verður dæmdur til að greiða honum 65.092.540 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 3.550.000 krónum frá 29. janúar 2010 til 31. desember 2010, en af 22.936.424 krónum frá þeim degi til 31. desember 2011, en af 47.511.932 krónum frá þeim degi til 25. janúar 2012, en af 50.900.705 krónum frá þeim degi til 30. apríl 2012, en af 59.092.540 krónum frá þeim degi til 22. mars 2013, en af 59.592.540 krónum frá þeim degi til 23. febrúar 2016 en af 65.092.540 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

Á árunum 2009 til 2013 rannsökuðu lögregluþyrirvöld ætluð brot stefnanda og þriggja annarra manna á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra, vegna starfa þeirra fyrir félagið Aserta AB, sem var með skráð lögheimili í Svíþjóð. Rannsókninni lauk 22. janúar 2013 og ákæra var gefin út á hendur þeim 22. mars s.á.

Í ákærinni var stefnda og meðákærðu gefið að sök að hafa í sameiningu á tímabilinu 25. mars til 2. nóvember 2009 haft milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi án lögmætrar heimildar eða leyfis frá Seðlabanka Íslands. Með því voru þeir taldir hafa brotið gegn 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. 186. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er tók til tímabilsins 25. mars til 13. júlí 2009 en frá þeim tíma til 2. nóvember s.á. var háttsemin sögð varða við 1. mgr. 8. gr., sbr. 3. tölul. 16. gr., laga nr. 87/1992. Þá var þeim jafnframt gefið að sök að hafa á sama tímabili staðið að ólögum gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga á milli landa með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálafyrirtækjum hér á landi. Var þessi háttsemi sögð varða við 4. mgr. 1. gr., sbr. 13. gr., reglna um gjaldeyrismál nr. 1130/2008, sbr. 1. mgr., sbr. 5. mgr., báðabirgðaákvæðis I og 16. gr. áðurnefndra laga um gjaldeyrismál en vegna tímabilsins 31. október til 2. nóvember hafi þessi háttsemi varðað við 2. og 3. gr., sbr. 16. gr., reglna nr. 880/2009 um gjaldeyrismál, sbr. sömu málsgreinar bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992.

Undir rekstri sakamálsins féll ákærvaldið frá þeim hluta ákærunnar sem laut að gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga á milli landa, þ.e. þeim hluta ákærunnar sem ákærvaldið taldi varða við bann samkvæmt reglum Seðlabankans. Ástæðan var sú að í ljós hafði komið að reglur Seðlabankans nr. 1130/2009 höfðu ekki verið samþykktar af ráðherra, svo sem áskilið var í lögum, sbr. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992. Taldi ákærvaldið því vafa leika á að viðhlítandi refsheimild væri til staðar hvað þennan ákærulið varðaði. Þann 18. desember 2014 voru stefnandi og meðákærðu sýknaðir af þeim ákærulið sem eftir stóð og laut að broti gegn banni við milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi án viðeigandi heimildar. Í niðurstöðu héraðsdóms segir að stefnandi og meðákærðu hafi átt gjaldeyrisviðskipti með því að kaupa íslenskar krónur af erlendum fjármálafyrirtækjum fyrir erlendan gjaldeyri sem mótaðilar þeirra hafi lagt inn á gjaldeyrisreikning í nafni Aserta í Svíþjóð. Í því hafi hin eiginlegu gjaldeyrisviðskipti þeirra falist og þau viðskipti hafi ekki farið fram hér á landi.

Sýknudómi héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar en 18. febrúar 2016 ákvað ákærvaldið að falla frá áfrýjuninni.

Rannsókn máls þessa hófst hjá lögreglunni með því að efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra barst kæra frá Fjármálaeftirlitinu 19. nóvember 2009 vegna gruns um meiri háttar brot gegn ákvæðum laga um gjaldeyrismál. Með kærinni fylgdi tilkynning Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins frá 11. sama mánaðar vegna gruns um brot Aserta AB á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 og reglum settum samkvæmt þeim. Ætluðum brotum Aserta og hlut stefnanda í þeim er lýst ítarlega í tilkynningu Seðlabankans. Þar kemur fram að grunur leiki á að fyrirtækið hafi haft milligöngu um gjaldeyrisviðskipti í andstöðu við 8. gr. laga um

gjalddeyrismál. Í nefndu lagaákvæði er kveðið er á um að öðrum en Seðlabanka Íslands sé óheimilt að hafa milligöngu um gjalddeyrisviðskipti og versla með erlendan gjalddeyri nema hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið til þess leyfi frá Seðlabankanum. Um skilgreiningu á því hvað felist í milligöngu í gjalddeyrisviðskiptum var vísað til 1. gr. reglugerðar nr. 679/1994. Í tilkynningunni var einnig vísað til þess að starfsemin kynni að brjóta gegn 3. gr. og 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögnum. Í síðarnefnda ákvæðinu var mælt fyrir um að fram til 30. nóvember 2010 væri Seðlabanka Íslands heimilt að ákveða að gefa út reglur, að fengnu samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, sem takmörkuðu eða stöðvuðu tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjalddeyrisviðskipti sem tengdust þeim ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu yllu að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Meðal fjármagnshreyfinga sem bankanum var heimilt að stöðva samkvæmt ákvæðinu voru innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum og inn- og útflutningur innlands og erlends gjalddeyris, sbr. 2. og 4. tölul. 1. mgr. ákvæðisins. Reglur nr. 1130/2008 um gjalddeyrismál voru gefnar út og birtar 15. desember 2008, með stoð í þessu bráðabirgðaákvæði og með þeim felldar úr gildi eldri reglur um sama efni, nr. 1082/2008, sbr. 15. gr. þeirra. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. reglnanna voru óheimil gjalddeyrisviðskipti vegna fjármagnshreyfinga skv. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðisins á milli landa með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálaafyrirtækjum hér á landi eða Seðlabankanum. Samhljóða ákvæði var að finna í eldri reglum nr. 1082/2008.

Í tilkynningu Seðlabankans kemur jafnframt fram að gögn málsins bendi til að umsvif Aserta AB hafi numið verulega háum fjárhæðum. Á tímabilinu 25. mars 2008 til 5. október 2009 hafi inn- og útborganir á innlendum reikningum félagsins numið ríflega 13 milljörðum króna, mismunur inn- og útborgana hafa verið um 73 milljónir á sama tímabili. Sá mismunur, auk greiðslna sem stefnandi og samstarfsmenn hans hafi fengið greiddar inn á reikninga sína nemi tæplega 216 milljónum króna en grunur leiki á að ágóðinn sé að stærstum hluta geymdur á erlendum bankareikningum félagsins sem þörf sé á að kanna nánar. Þá er því lýst að heildarinnstreymi erlends gjalddeyris sem skipt hafi verið í íslenskar krónur á gjalddeyrismarkaði hér á landi á því tímabili sem var til rannsóknar hafi numið tæplega 193 milljörðum króna. Segir jafnframt að sé gert ráð fyrir að innborganir á reikninga Aserta endurspegli þann erlenda gjalddeyri sem sé skilaskyldur hér á landi megi ætla að umfang starfsemi félagsins nemi um 6,82% af heildarveltu alls markaðarins.

Stefnandi, sem áður starfaði hjá Straumi fjárfestingarbanka, hóf störf í þágu Aserta í mars 2009. Í stefnu segir að starfsemi félagsins hafi falist í því að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti í Svíþjóð milli erlendra aðila.

Svo sem að framan er rakið beindist rannsókn lögreglu að því hvort starfsemi félagsins bryti í bága við íslensk lög. Segir í áður tilvitnaðri skýrslu Seðlabankans frá 11. nóvember 2009 að þótt félagið sé skráð í Svíþjóð leiki vafi á því hvort raunveruleg framkvæmdastjórn þess sé hér á landi og félagið teljist af þeim sökum innlendur lögaðili í skilnngi laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, sbr. 2. tölul. 1. gr. laganna. Við rannsókn lögreglu á ætluðum brotum stefnanda neitaði hann ávallt sök og byggði m.a. á því að starfsemi Aserta hefði ekki farið fram hér á landi og bryti þar af leiðandi ekki í bága við íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim. Þá voru varnir stefnanda einnig á því byggðar að Seðlabankinn hefði ekki staðið rétt að setningu reglna um bann við fjármagnshreyfingum til og frá landinu skv. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 87/1992 þar sem reglur bankans nr. 1130/2008 hefðu ekki verið samþykktar af ráðherra, svo sem lögboðið var. Hefðu reglurnar af þeim sökum ekki öðlast gildi þrátt fyrir birtingu þeirra. Að auki hefði Aserta gert ráðstafanir til að tryggja að farið væri að reglum nr. 1130/2008, hvað sem liði gildi þeirra.

Ekki er um það deilt að umræddar reglur skorti formlegt samþykki ráðherra en í greinargerð stefnda er á því byggt að sérstakur saksóknari hafi ekki verið upplýstur um það fyrr en í ársbyrjun 2014. Þá liggur fyrir að eftir setningu reglna Seðlabanka Íslands nr. 880/2009 um gjaldeyrismál, frá 31. október 2009, lagðist starfsemi Aserta AB af en í 3. mgr. 2. gr. þeirra reglna var með nýjum hætti kveðið á um takmarkanir á fjármagnshreyfingum á milli landa í innlendum gjaldeyri, sbr. 3. mgr. 2. gr. þeirra.

Á meðan á rannsókn málsins stóð sætti stefnandi ýmiss konar þvingunarráðstöfunum af hálfu lögreglu í þágu rannsóknar málsins. Stefnandi var handtekinn að morgni 29. janúar 2010 og sleppt að kvöldi sama dags að yfirheyrslu lokinni. Stefnandi var síðan yfirheyrður tvívegis aftur á meðan á rannsókn málsins stóð, 14. júní og 29. nóvember 2012.

Sama dag og stefnandi var handtekinn var gerð húsleit á starfsstöð Aserta héraðs, á heimili stefnanda að Rúgakri 3b í Garðabæ, fasteign hans að Engjaseli 72 í Reykjavík og leitað í tveimur bifreiðum í hans umráðum, í því skyni að haldleggja

skjöl og önnur sönnunargögn sem tengdust rannsókn málsins. Jafnframt voru haldlögð gögn í vörslum Símans hf. á tímabilinu 1. janúar 2009 til 28. janúar 2010 sem vörðuðu Aserta AB, önnur félög tengd því félagi, sem og stefnanda sjálfan. Meðal þeirra muna sem haldlagðir voru á starfsstöð Aserta AB samkvæmt úrskurði um haldlagningu voru sími, tölva og minnislykill í eigu stefnanda, harður diskur og ýmis önnur tæki og gögn. Við leit á heimili stefnanda var lagt hald á ýmis skjöl, tölvur, síma, minnislykil og fleiri gögn og tæki í hans eigu. Hald var lagt á eitt minniskort við leit í bifreiðum í umráðum stefnanda.

Sama dag, þ.e. 29. janúar, boðaði embætti ríkislögreglustjóra til blaðamannafundar í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og gjaldeyriseftirlit Seðlabankans þar sem greint var frá fyrrnefndum rannsóknaraðgerðum. Á fundinum var ætluðum brotum stefnanda og fyrrum samstarfsmanna hans lýst, sem og hugsanlegri refsíábyrgð og áhrifum brotanna á gjaldeyrisstöðugleika. Þá kom fram að rannsóknin væri nýhafin en að sterkar grunsemdir væru fyrir hendi af hálfu lögregluyfirvalda um brot á áðurnefndum lögum og reglum um gjaldeyrismál. Sagði þáverandi yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra að þeir teldu brot stefnanda og samstarfsmanna hans vera sönnuð en hafði þó þann fyrirvara á að málið væri í rannsókn og um væri að ræða „grunsemdir og annað slíkt“. Í viðtali við Morgunblaðið 2. febrúar er haft eftir honum varðandi málið: „Þeir virðast hafa gert sér far um að halda sig formlega innan ramma laganna en við erum á þeirri skoðun að svo hafi ekki verið.“

Ennfremur voru sama dag að kröfu ríkislögreglustjóra kyrrsettar eignir stefnanda til tryggingar kröfu að fjárhæð 42.610.000 krónur vegna greiðslu sakarkostnaðar, sekta og annarra krafna ákærvaldsins á grundvelli 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 o.fl. reglna. Kyrrsetningin tók til eignarhluta stefnanda í fasteignunum Engjaseli 71 í Reykjavík, Votakri 5 í Garðabæ og Holtabyggð 207 í Hrunamannahreppi. Að auki voru kyrrsettir fjármunir á tveimur bankareikningum stefnanda, annars vegar reikningur nr. [...] í Arion banka og hins vegar reikningur nr. [...] í Íslandsbanka. Sýslumaður hafnaði hins vegar kröfu um kyrrsetningu fjármuna á reikningi nr. [...] í Íslandsbanka en fjármunir á þeim reikningi námu 6.120.593 krónum. Taldi sýslumaður þá fjármuni nauðsynlega til framfærslu stefnanda og fjölskyldu hans. Lögregluyfirvöld lögðu aftur á móti hald á innstæðu þess reiknings með vísan til 1. mgr. 68. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 88/2008.

Hinn 4. mars 2010 gerði lögregla jafnframt kröfu fyrir dómi um að tilteknum símafyrirtækjum yrði skylt að veita lögreglu upplýsingar um svokölluð símagögn,

þ.e. notkun símanúmera í eigu og umráðum stefnanda, sem sýndu sundurliðuð símtöl í og úr viðkomandi númeri á tímabilinu 25. mars 2009 til 4. mars 2010. Fallist var á kröfuna með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. mars 2010.

Áðurnefnd kyrrsetning frá 29. janúar 2010 var endurupptekin 18. maí 2011, þegar felld var niður kyrrsetning í Engjaseli 72 og Votakri 5 en í þess stað kyrrsettur eignarhlutur eiginkonu stefnanda í Holtabyggð 207 auk þess sem frekari fjármunir voru lagðir inn á áðurnefndan reikning stefnanda í Arion banka. Kyrrsetning á reikningi í Íslandsbanka hélst óbreytt.

Sumarið 2011 fór stefnandi þess á leit við embætti ríkislögreglustjóra að kyrrsetningu eigna yrði aflétt, en þeirri beiðni var hafnað af hálfu embættisins. Að endingu krafðist stefnandi þess fyrir dómi að kyrrsetningu eigna hans yrði aflétt og var fallist á kröfu hans með dómi Hæstaréttar 25. janúar 2012 í máli réttarins nr. 682/2011 með vísan til þess að dráttur á rannsókn málsins færi í bága við 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og hliðstætt ákvæði í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008.

Rannsókn málsins var í upphafi á hendi efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Með lögum nr. 82/2011, sem tóku gildi 1. september 2011, voru verkefni deildarinnar flutt yfir til embættis sérstaks saksóknara sem hélt rannsókn málsins áfram á óbreyttum grundvelli.

Svo sem áður greinir var ákæra gefin út 22. mars 2013. Sama dag var að kröfu sérstaks saksóknara kyrrsettur á ný eignarhlutur stefnanda í fasteigninni Holtabyggð 207, til tryggingar kröfu að fjárhæð allt að 164.000.000 króna, til greiðslu sakarkostnaðar, sekta og krafna ákæruvaldsins á grundvelli 2. mgr. 16. gr. a í lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 143/2008 og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hélt sú kyrrsetning þar til 18. febrúar 2016 þegar máli þessu að endingu lauk með því að ákæruvaldið féll frá áfrýjun á sýknudómi héraðsdóms.

Í viðtali við RÚV 23. febrúar 2016 greindi vararíkissaksóknari frá því að ástæða þess að ákveðið hefði verið að falla frá áfrýjun málsins væri sú að miklar líkur væru á að sakir máls yrðu taldar fyrndar.

II.

Stefnandi krefst bóta fyrir tjón sem hann kveðst hafa orðið fyrir vegna aðgerða lögreglu og ákærvalds í tengslum við rannsókn ætlaðra brota hans gegn lögum og reglum um gjaldeyrismál.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann eigi hlutlægan rétt til skaðabóta vegna allra þeirra aðgerða sem hann hafi þurft að þola við rannsóknina, sbr. 1. mgr. 228. gr., nú 246. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samhliða því og til vara byggir hann á því að hann eigi rétt til bóta á sakargrundvelli vegna allra þessara sömu aðgerða. Rannsóknin hafi verið tilhæfulaus og hefði lögreglu og ákærvaldi átt að hafa orðið það ljóst við frumathugun máls, sem og dómurum sem hafi kveðið upp úrskurði í þágu rannsóknarinnar.

Frá upphafi hafi afstaða stefnanda til sakargifta verið sú að þau störf sem hann hafi unnið í þágu Aserta AB hafi samrýmst lögum. Fyrirkomulagi viðskipta félagsins hafi verið háttað þannig að það hafi aldrei haft milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi í skilningi 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, heldur hafi þau farið fram erlendis. Þá hafi starfsemi Aserta AB falið í sér „innflæði“ fremur en „útflæði“ á krónum og reglur nr. 1130/2008 því ekki falið í sér nein fyrirmæli sem hamlað hafi starfseminni. Saksóknari hafi viðurkennt í viðtali við Morgunblaðið strax 2. febrúar 2010 að sakborningar hefðu „gert sér far um að halda sig formlega innan ramma laganna“ þótt ekki hafi það orkað til að breyta fyrirfram þeim hugmyndum sem hann hafi tjáð á blaðamannafundinum. Saksóknarinn hafi sökum þess hnýtt við: „en við erum á þeirri skoðun að svo hafi ekki verið“.

Þegar árið 2010 hafi á opinberum vettvangi verið hafðar uppi efasemdir um að setning reglna nr. 1130/2008 hvíldi á lögmætum grunni. Þess sæist hvergi stað að ráðherra hefði samþykkt þær, eins og lög nr. 87/1992 þó áskildu. Afstaða stefnanda til sakargifta hafi í kjölfarið tekið mið af þessu. Þrátt fyrir þessa fyrirferð hafi rannsókn málsins lagst í langvarandi dvala þegar upphafsáðgerðum lauk. Stefnandi hafi því að endingu séð sig knúinn til að krefjast þess fyrir dómi þann 23. nóvember 2011 að kyrrsetning í eignum hans yrði felld úr gildi. Við það tilefni hafi hann gert ítarlega grein fyrir þeirri afstöðu sinni að viðskipti hans á vegum Aserta AB hefðu ekki brotið í bága við lög og reglur og að enginn lögmætur grundvöllur hefði verið fyrir setningu reglna nr. 1130/2008. Að endingu hafi Hæstiréttur felld kyrrsetninguna úr gildi 25. janúar 2012 með vísan til þess að dráttur á rannsókn ætlaðra brota væri óhæfilegur. Í framhaldi þess hafi lögregla loks gert reka að því að rannsaka málið. Þegar rannsókninni hafi lokið og ákæra verið gefin út 22. mars 2013 hafi ákærvaldið enn á ný óskað kyrrsetningar í eignum stefnanda. Þá hafi ákærvaldið upplýst við meðferð málsins að fallið væri frá öllum sakargiftum á hendur stefnanda um brot á reglum nr. 1130/2008. Þá fyrst hafi saksóknari orðið þess áskynja að umræddar reglur hefðu ekki verið settar með lögformlegum hætti. Saksóknari hafi skýrt þetta með vísan til þess að starfsmenn Seðlabanka Íslands hefðu veitt embætti saksóknara rangar upplýsingar um setningu reglnanna.

Stefnandi byggir á því að afskipti ákærvaldsins af honum hafi varað samtals í rúmlega sex ár frá handtöku hans 29. janúar 2010 og lyktað með sýknu hans af öllum sakargiftum. Í stað þess að leyfa stefnanda að njóta sýknudómsins eftir fráfall áfrýjunar héraðsdóms hafi vararíkissaksóknari greint frá því í viðtali við Ríkisútvarpið 23. febrúar 2016 að ákærvaldið hefði fallið frá áfrýjun þar sem saksóknarar hafi talið „miklar líkur“ á því að „þessar sakir“ yrðu álitnar fyrndar. Þannig hafi ákærvaldið gefið til kynna, þrátt fyrir sýknudóminn, að „sakir“ hefðu verið til staðar og þar með að stefnandi hefði gerst brotlegur.

Þá vekur stefnandi jafnframt athygli á umfangi kyrrsetninga eigna hans og þess langa tíma sem kyrrsetningin stóð. Með fyrri kyrrsetningargerðinni hinn 29. janúar 2010 hafi verið kyrrsettir tveir bankareikningar og þrjár fasteignir í hans eigu. Við framkvæmd gerðarinnar hafi sýslumaður synjað kröfu lögreglu um kyrrsetningu á einum bankareikningi stefnanda með vísan til 15. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sbr. 41. gr. laga nr. 90/1989. Að áliti fulltrúa sýslumanns hafi sú innstæða verið stefnanda „nauðsynleg til að standa straum af kostnaði um skamman tíma af framfærslu „stefnanda og þeirra sem hann var framfærsluskyldur við“. Lögregla hafi brugðist freklega við þessari niðurstöðu og beitt valdi sínu til að haldleggja innstæðuna á þessum reikningi með vísan til 1. mgr. 68. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 88/2008. Stefnandi hafi þannig einnig verið sviptur vörslum þessa bankareiknings hinn 29. janúar 2010. Kyrrsetningunni hafi verið breytt 18. maí 2011 og hún felld niður með dómi Hæstaréttar 25. janúar 2012. Eignarhlutur stefnanda í Holtabyggð 207 hafi hins vegar aftur verið kyrrsettur 22. mars 2013 og hafi sú kyrrsetning staðið þar til 18. febrúar 2016.

Verðmæti þeirra peningalegu eigna sem kyrrsettar eða haldlagðar hafi verið hafi verið eftirfarandi:



Hinir kyrrsettu bankareikningar hafi borið vexti sem hafi verið greiddir út í árslok á reikningum nr. [...] og nr. [...] en í lok hvers mánaðar á reikningi nr. [...]. Vextirnir hafi numið eftirfarandi fjárhæðum á þessum dögum:



Miðað við fasteignamat hafi hinar kyrrsettu eignir hækkað með tímanum en með hliðsjón af kröfugerð stefnanda sé óþarft að rekja þetta nánar.

Þá byggir stefnandi á því að þegar í upphafi hafi verið óhjákvæmilegt annað en að málinu lyki með sýknudómi. Staðsetning viðskipta Aserta AB hafi legið fyrir strax í öndverðu og meðal annars birst í bókum félagsins. Af þeim sökum hafi aldrei verið fótur fyrir ásökunum gegn stefnanda um brot gegn 8. gr. laga nr. 87/1992. Þá hafi

einnig legið fyrir þegar í upphafi að samþykki ráðherra fyrir setningu reglna nr. 1130/2008 skorti. Af þeim sökum hafi aldrei verið fótur fyrir rannsókn gegn stefnanda vegna ásakana um brot gegn reglunum nema slíkt samþykki hefði áður legið fyrir. Að auki megi nefna að Aserta hafði gert ráðstafanir til að tryggja að farið væri eftir fyrirmælum reglna nr. 1130/2008, hvað sem formlegu gildi þeirra hafi liðið.

Stefnandi byggir á því að það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna allra áðurnefndra aðgerða lögreglu og ákærvalds gegn honum sé bótaskyldt á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu 228. gr. laga nr. 88/2008. Aðgerðirnar hafi verið framkvæmdar með samstilltum hætti og blaðamannafundurinn verið liður í þeim og markað upphaf þeirra. Því sé óhjákvæmilegt að álíta að bótagrundvöllur 246. gr. taki einnig til hans. Verði ekki á það fallist byggir stefnandi á því að þær aðgerðir sem ekki falli undir bótareglu 246. gr. hafi verið framkvæmdar með saknæmum og ólögnum hætti. Rannsóknin hafi verið tilhæfulaus, engin þörf hafi verið á þessum aðgerðum og þær hafi í framkvæmd gengið langt úr hófi fram. Stefnandi tekur fram að við mat á saknæmi gildi einu þótt sumar hinna umdeildu aðgerða hafi verið framkvæmdar á grundvelli dómsúrskurðar, enda hafi aldrei verið skilyrði fyrir því að kveða upp slíka úrskurði. Aðgerðirnar séu því bótaskyldar að þessu leyti.

Varðandi ummæli saksóknara á opnum blaðamannafundi hinn 29. janúar 2010, ummæli í Morgunblaðinu 2. febrúar s. á. og í Ríkisútvarpinu hinn 23. febrúar 2016, um sekt stefnanda, er byggt á því að þau hafi verið saknæm og ólögmet og andstæð rétti stefnanda til að vera álitinn saklaus uns sekt sé sönnuð, sbr. 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. og lög nr. 62/1994 og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Einnig megi um þetta vísa til 234.–236. gr. almennra hegningarlaga. Allt þetta hafi orsakað tjón sem hafi verið sennileg afleiðing áðurnefndra aðgerða eða hinnar saknæmu og ólögmetu háttsemi.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína með svofelldum hætti:



Varðandi þá undirliði sem fram komi undir 1. lið um miskabætur byggir stefnandi á því að þær aðgerðir sem þar séu tilgreindar hafi verið óþarfar. Rannsóknin hafi verið tilhæfulaus og miski stefnanda því verið sérstaklega mikill. Þá hafi það reynst stefnanda einkar særandi að saksóknari hafi á opnum blaðamannafundi hinn 29. janúar 2010 viðhaft ummæli um hann og aðra sakborninga sem gefið hafi til kynna sekt hans. Sama megi segja um ummæli saksóknarans sem birst hafi í Morgunblaðinu 2. febrúar 2010. Í því sambandi verði að hafa í huga að með öllu hafi verið fyrirsjáanlegt að nafn stefnanda yrði tengt ummælunum, eins og raunin hafi orðið.

Rannsóknin hafi síðan dregist fram úr öllu velsæmi og það hafi aukið mjög á miska stefnanda af aðgerðunum og falið í sér sjálfstæðan miska. Málinu hafi síðan ekki lokið fyrr en 18. febrúar 2016, en við það tilefni, eða hinn 23. febrúar 2016, hafi vararíkissaksóknari viðhaft ummæli sem gefið hafi til kynna að stefnandi hefði gerst brotlegur, þrátt fyrir sýknudóm héraðsdóms. Allt þetta hafi valdið stefnanda verulegan miska sem hann sundurliði með þeim hætti sem að framan greini.

Varðandi 2. lið, um bætur fyrir fjárhagstjón vegna kyrrsettra eigna, þá reiknist sú fjárhæð sem dráttarvextir af hinum kyrrsettu og haldlögðu peningalegu eignum að frádregnum þeim vöxtum sem eignirnar hafi borið á meðan. Fjárhæðir eignanna hafi verið þessar í krónum á eftirtöldum dögum:



Hefði kyrrsetningin ekki átt sér stað hefði stefnandi getað hagnýtt sér þessa fjármuni til arðsköpunar. Dráttarvextir samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu feli í sér meðalhófsbætur fyrir að hafa ekki haft þau afnot fjármuna sem réttur standi ella til. Því miði stefnandi bótakröfuna við að fá greiddar bætur sem nemi dráttarvöxtum af þessum fjárhæðum. Fjárhæð dráttarvaxta af framangreindum fjárhæðum hefði hinn 25. janúar 2012 numið 3.388.773 krónum. Verði ekki á þetta fallist varðandi 2. lið er til vara miðað við vaxtafót 4. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt því viðmiði yrði fjárhæð kröfu samkvæmt 2. lið 1.643.828 krónur. Til þrautavara sé svo varðandi 2. lið miðað við vaxtafót 8. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt því viðmiði yrði fjárhæð kröfu samkvæmt 2. lið 1.089.885 krónur. Stefnandi gerir ekki kröfu fyrir tjón vegna kyrrsetningar fasteigna sinna. Þess í stað byggir hann á því að horfa megi til þess óhagræðis sem hún hafi haft í för með sér sem aukins rökstuðnings fyrir því að kröfu hans vegna hinna peningalegu eigna sé stillt í hóf.

Varðandi 3. lið byggir stefnandi á því að hann hafi orðið fyrir verulegu atvinnutjóni. Hann hafi áður en málið kom til haft lífsviðurværi sitt af störfum á fjármálamarkaði. Rannsókn málsins hafi því hamlað honum verulega við atvinnuleit og honum ekki auðnast að fá vinnu fyrr en í maí 2012. Síðasta fasta starf sem stefnandi hafi gegnt áður en hann hóf störf í þágu Aserta AB hafi verið hjá Straumi fjárfestingabanka hf. Þar hafi hann fengið samkvæmt ráðningarsamningi frá 9. janúar 2009 110.000 sterlingspund í föst árslaun eða 9.167 pund á mánuði. Sé miðað við miðgengi punds gagnvart krónu 1. febrúar 2010, sem hafi verið 202,79 krónur, hafi föst mánaðarlaun hans numið 1.858.908 krónum. Rétt þyki að bæta við þá fjárhæð orlofi sem megi reikna sem 10,17%, sbr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof. Þannig sé að mati stefnanda rétt að leggja til grundvallar að hann hafi á þeim tíma sem aðgerðir lögreglu hófust getað unnið sér inn föst mánaðarlaun samtals að fjárhæð 2.047.959 krónur. Miðist kröfugerð hans hér við þetta. Í málinu geri stefnandi kröfu um atvinnutjón vegna þess tíma sem hafi liðið frá upphafi rannsóknarinnar og þar til hann hafi hafið störf á nýjan leik í maí 2012. Hann hafi þannig farið á mis við tekjur þær er að framan greini í 11 mánuði á árinu 2010, samtals að fjárhæð 22.527.548 krónur, alla 12 mánuði ársins 2011, samtals að fjárhæð 24.575.507 krónur og í fjóra mánuði á árinu 2012, samtals að fjárhæð 8.191.836 krónur. Tjón stefnanda nemi því alls sökum þessa 55.294.891 krónu. Til að allrar varfærni sé gætt dragi hann þó frá þessari kröfu laun sem hann hafi fengið tilfallandi frá H6 ehf. árið 2010 að fjárhæð 3.141.124 krónur.

Gerð er krafa um vexti og dráttarvexti í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001. Krafan miðist við 29. janúar 2010 að því er varði miskabætur fyrir yfirlýsingar á blaðamannafundi, handtöku, leit á heimili, öflun gagna frá Símanum hf., fyrri kyrrsetningu og haldlagningu eigna og öflun gagna um símasamskipti, samtals að fjárhæð 3.550.000 krónur. Krafa um vexti og dráttarvexti miðist við 22. mars 2013 að því er varði miskabætur fyrir seinni kyrrsetningu eigna stefnanda, samtals að fjárhæð 500.000 krónur. Þá miðist krafa að því er varði miskabætur fyrir ummæli vararíkissaksóknara um brot stefnanda eftir lok málsins og óhæfilegar tafir á meðferð þess, samtals að fjárhæð 5.500.000 krónur, við 23. febrúar 2016.

Krafa um vexti af tjóni vegna kyrrsetningar miðist við lok hennar hinn 25. janúar 2012. Krafa um vexti af atvinnutjóni miðist við lok hvers árs og samanlagt atvinnutjón á árinu, að því gættu að krafa um vexti af atvinnutjóni á árinu 2012 reiknist frá 30. apríl 2012 en á því tímamarki hafi atvinnuleysi stefnanda lokið.

Vextir reiknist þá af uppsafnaðri kröfu stefnanda eins og hér greini:



Krafan miðist við að skilyrði séu til að krefjast dráttarvaxta frá umræddum dögum, en verði ekki á það fallist er krafist skaðabótavaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá umræddum dögum til þess dags er skilyrði verði talin hafa myndast fyrir kröfu um dráttarvexti.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar og hlutlægrar bótareglu 228. gr. laga nr. 88/2008. Þá er vísað til 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Til stuðnings sýknukröfu sinni bendir stefndi á að íslenska ríkið njóti fullveldis í peningamálum og hér á landi sé íslenska krónan lögeyrir, sbr. lög nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands. Í lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands séu bankanum faldar yfirgripsmiklar heimildir til að standa vörð um verðgildi íslensku krónunnar. Sjálfstæði Seðlabankans við stjórn peningamála helgist af því meginmarkmiði peningastefnunnar að stuðla að stöðugu verðlagi. Fjármagnshöftin sem sett hafi verið haustið 2008 hafi staðið í nánum tengslum við þetta hlutverk bankans sem og það hlutverk að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 36/2001.

Ein hliðaráhrif fjármagnshaftanna hafi meðal annars birst í því að gjaldeyrismarkaður hafi skapast fyrir íslenskar krónur erlendis (aflandsmarkaði) þannig að til hafi orðið tvöfalt gengi á íslensku krónunni, annars vegar á þeim markaði og hins vegar á opinberum gjaldeyrismarkaði hér á landi. Gengismunurinn hafi að jafnaði verið mikill fyrst eftir setningu haftanna rétt eftir bankahrunið, svo numið gat tugum prósentu. Með því að nýta sér þann mismun á gengi krónunnar sem hafi verið á aflandsmarkaði og hinum opinbera markaði hafi aðilar getað hagnast verulega. Í þessu sambandi vísist meðal annars til eftirfarandi röksemda í ákæru: „Þessar efnahagslegu aðstæður á Íslandi nýttu ákærðu sér til að framkvæma þá háttsemi sem þeim er gefin að sök samkvæmt ákæru. Þeir höfðu allir þekkingu og reynslu af gjaldeyrisviðskiptum, þar með á alþjóðlegum vettvangi og á tímanum eftir að gjaldeyrishöftin voru sett...“.

Ástæðu þess að stefnandi og aðrir meðákærðu hafi verið sýknaðir með dómi héraðsdóms 18. desember 2014 sé ekki að rekja til þess að gögn málsins hafi ekki varpað ljósi á það í hverju starfsemi Aserta AB hafi verið fólgin, heldur vegna þess að hluti viðskiptanna hafi ekki verið talinn hafa átt sér stað hér á landi í merkingu 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Engin afstaða hafi verið tekin til þess í dómnum hvort þjónusta félagsins við mótaðila hafi falið í sér milligöngu. Þá hafi legið fyrir að við meðferð málsins hafi ákærvaldið fallið frá sakargiftum um að háttsemi ákærðu varðaði við 4. mgr. 1. gr. reglna nr. 1130/2008 um gjaldeyrismál, sem hafi verið ætlað að taka gildi 16. desember 2008 á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 134/2008. Að mati ákærvaldsins hafi reglurnar ekki getað talist viðhlítandi refsheimild þar sem lögaskilið samþykki ráðherra fyrir setningu reglnanna hafi ekki legið fyrir.

Samskipti sérstaks saksóknara og Seðlabanka Íslands, sem fyrir liggi í málinu, beri með sér að embætti sérstaks saksóknara hafi ekki verið upplýst um að formlegt samþykki ráðherra hefði skort fyrr en í upphafi árs 2014 og eftir að ákæra í málinu hafi verið gefin út. Fyrir liggi að formlegt samþykki ráðherra hafi ekki legið fyrir við setningu reglna nr. 1130/2008 en þeim hafi verið ætlað að leysa af hólmi reglur nr. 1082/2008 frá 28. nóvember 2008. Jafnvel þótt þótt litið sé svo á að reglur nr. 1130/2008 hafi aldrei öðlast gildi vegna skorts á formlegu samþykki ráðherra, hafi það vart getað haft aðrar afleiðingar en að endurskoðun á reglum nr. 1082/2008, sem gert hafi verið ráð fyrir í 14. gr. þeirra, hefði ekki gengið eftir og þær reglur þar af leiðandi áfram verið í gildi. Samanburður leiði í ljós að 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 1130/2008, sem brot stefnanda hafi verið talin varða við, hafi verið samhljóða 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 1082/2008. Því verði að líta svo á að þessi regla hafi verið í

gildi á brotatímabilinu, enda hafi aðstæður í hagkerfinu á þeim tíma ekki gefið tilefni til að ætla að löggjafinn hefði breytt afstöðu sinni til nauðsynjar hafta.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 1082/2008 og 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 1130/2008 hafi hljóðað svo: „Gjaldeyrisskipti vegna fjármagnshreyfinga skv. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, á milli landa með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálafyrirtækjum hér á landi eða Seðlabanka Íslands eru óheimil.“ Á bls. 7–9 í ákæru, sem fyrir liggir í gögnum málsins, sé því lýst hvernig háttsemi ákærðu hafi fallið undir þetta bann og hvernig fjármagnshreyfingar sem ákærðu hafi staðið fyrir á íslenskum krónum til Íslands hafi verið órjúfanlegur hluti af þeim gjaldeyrisskiptum sem þeir hafi stundað. Fram kemur að orðalagið taki meðal annars mið af því hvernig alþjóðleg greiðslumiðlun milli fjármálastofnana sé framkvæmd. Sakargiftir hafi einnig varðað ætluð brot gegn 8. gr. laga um gjaldeyrismál.

Stefndi hafnar því að til aðgerða lögreglu, sem stefnandi krefjist bóta fyrir, hafi verið gripið að tilefnislausu eða þær gengið lengra en nauðsyn hafi borið til. Stefnandi staðhæfi að afstaða hans til sakargifta hafi frá fyrstu stundu verið sú að þau störf sem hann vann í þágu Aserta AB hafi samrýmst lögum. Hins vegar hafi stefnandi ekki leitast við að upplýsa málið í yfirheyrslum hjá lögreglu og í síðari tveimur yfirheyrslunum hafi hann alfarið neitað að tjá sig um sakarefnið. Þótt stefnandi hafi með þessu nýtt sér lögvarinn rétt sinn til að fella ekki á sig sök hafi sú háttsemi verið til þess fallin að styrkja grunsemdir um aðkomu hans að ætluðum brotum, hvað sem álitaeftum um skýrleika refsheimilda líði.

Rannsókn málsins hafi verið umfangsmikil og leitt í ljós flókið félaganet sem að mati stefnda hafi gefið réttmæta ástæðu til að ætla að hefði verið komið upp í því skyni að sniðganga reglur um fjármagnshöft. Í því sambandi vísist m.a. til 3. kafla í skýrslu rannsakenda sem fyrir liggir í málinu. Þar komi fram að stefnandi og samverkamenn hans hafi, með þeim ásetningi að hagnast, hagað starfsemi Aserta AB og tengdra félaga þannig að mótaðilum félagsins, sem í raun hafi verið innlendir aðilar, hafi verið gert kleift að kaupa íslenskar krónur á aflandsmarkaði á hagstæðara gengi en á íslenskum gjaldeyrismarkaði. Stefnandi hafi mátt vita að með því væri farið á svig við reglur um fjármagnshöft og þá neyðarrástöfun sem í þeim hafi falist. Fjórmenningarnir hafi hagnast vel á starfseminni þótt ekki sé með vissu vitað hvað hafi á endanum orðið um þann hagnað.

Þær upplýsingar sem fram hafi komið við rannsókn málsins veiti áreiðanlega vitneskju um starfsemi Aserta AB og þann ávinning sem af henni hafi hlotist. Af þeim megi ráða, hvað sem refsinaemi háttseminnar líði, að stefnandi hafi í félagi við samverkamenn sína aflað sér og öðrum ólögmeats eða óréttmeats ávinnings á kostnað almennings á brotatímabilinu. Sönnunarkröfur í einkamálum, sem ekki séu jafn strangar og í refsimálum, standi þeirri ályktun alls ekki í vegi að stefnandi hafi stuðlað að aðgerðum gegn sér, enda hafi hann sjálfur ekki leitast við að upplýsa málið við yfirheyrslur hjá lögreglu.

Stefndi vísi enn fremur til bls. 2 í ákæru þar sem fram komi að heildarágóði af starfseminni, sem koma hafi átt jafnt til skipta fjórmeninganna, hafi verið talinn nema að minnsta kosti 656 milljónum króna. Fjárhæðin sé langt umfram þær bótafjárhæðir sem stefnandi krefjist í stefnu, sem aftur vekur upp efasemdir um í hverju tjón stefnanda sé raunverulega fólgið. Að mati stefnda hafi stefnanda ekki tekist að sýna fram á það frumskilyrði bótaábyrgðar að tjóni sé til að dreifa.

Stefndi mótmælir því að aðrar aðgerðir lögreglu en þær sem vísað sé til í 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 geti leitt til hlutlægrar ábyrgðar skv. 1. mgr. sömu greinar. Ekki verði ráðið að þeir bóталиðir sem tengist málsmeðferðartíma rannsóknarinnar og yfirlýsingum ákæruvaldsins eigi hér undir. Bætur vegna þessara liða komi því ekki til skoðunar nema að uppfylltum skilyrðum almennu sakarreglunnar.

Stefndi mótmælir bótakröfu stefnanda vegna opinberra yfirlýsinga handhafa ákæruvalds og krefst sýknu af þessum bóталиð. Megintilgangur blaðamannafundarins 29. janúar 2010 hafi verið að koma á framfæri þeim skilaboðum að stjórnvöld litu ætlaða brotastarfsemi alvarlegum augum með tilliti til þeirra almannahagsmuna sem í húfi hafi verið. Hugsanlega hafi aðrir aðilar, t. a. m. viðskiptavinir Aserta AB sem fylgst hafi með fundinum, áttað sig á því hverjir sakborningarnir væru.

Stefndi bendir á að stefnandi og samverkamenn hans hafi um margna mánaða skeið átt í mjög umsvifamiklum viðskiptum við mótaðila í gjaldeyrisviðskiptum. Á bls. 6 í ákæru sé vísað til þess að einstök viðskipti hafi alls verið 748 talsins og að mótaðilarnir hafi verið 84. Niðurstöður rannsóknarinnar hafi einnig bent til þess að rekstur starfseminnar hafi farið fram hér á landi og að mótaðilarnir eða raunverulegir eigendur þeirra hafi verið innlendir. Þá telur stefndi umkrafða fjárhæð vera órökstudda og fari fram á að hún sæti verulegri lækkun verði fallist á það með stefnanda að umræddar yfirlýsingar hafi valdið honum miska.

Hvað málsástæðu stefnda um óhæfilegan drátt málsins varði þá hafnar stefndi því að þær tafir sem orðið hafi á rannsókn málsins, og hafi verið liður í framfylgd laga um gjaldeyrismál, verði virtar þeim sem að henni hafi unnið til sakar á þann hátt að leiði til bótaskyldu. Þegar slíkur dráttur þyki hafa átt sér stað hafi dómstólar að öðru jöfnu tekið tillit til slíkra atriða við ákvörðun refsingar. Í því samhengi skuli áréttað að tafir á rannsókn málsins hafi leitt til þess að Hæstiréttur hafi fellt úr gildi kyrrsetningu á eignum stefnanda, sbr. niðurstöðu í máli nr. 682/2011. Ákvörðun handhafa ákærvaldsins um að áfrýja ekki sýknudómi yfir stefnanda megi enn fremur rekja til tafa sem orðið hafi á rannsókn málsins.

Tafir á meðferð sakamála veiti sakborningi ekki sjálfstæðan rétt til bóta enda ýmislegt sem geti haft áhrif þar á annað en sök þeirra sem að rannsókn slíkra mála starfi. Einnig liggja fyrir að hvorki stefnandi né samverkamenn hans hafi leitast við að upplýsa málið á meðan á rannsókn þess hafi staðið. Þá hafi rannsóknin ekki verið frábrugðin rannsóknnum í ýmsum öðrum efnahagsbrotamálum að því leyti að hún hafi verið flókin og umfangsmikil.

Þá telur stefndi umkrafa fjárhæð vera órökstudda og fari fram á að hún sæti verulegri lækkun verði fallist á það með stefnanda að tafirnar hafi valdið honum miska. Stefndi telur með hliðsjón af því sem áður hafi verið rakið um tilefni rannsóknar lögreglu, háttsemi stefnda við rannsóknina og ávinning af ætluðum brotum að ekki hafi stofnast til bótaskyldu vegna þeirra aðgerða sem stefnandi hafi sætt og sem fjallað sé um í 2. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála. Þá sé fjárhæð umkrafinna bóta mótmælt sem allt of hárrí.

Hvað varði miskabótakröfu stefnanda vegna handtöku hans að fjárhæð 200.000 krónur, þá bendir stefndi á að stefnandi hafi verið færður í fangageymslu og til yfirheyrslu á lögreglustöð hinn 29. janúar 2010 í tengslum við húsleit sem gerð hafi verið á starfsstöðvum Aserta AB. Stefnanda hafi verið sleppt að lokinni þeirri yfirheyrslu en síðan verið yfirheyrður aftur í tvígang. Stefnandi, sem hafi verið undir rökstuddum grun um viðamikil brot á lögum og reglum um gjaldeyrismál, hafi neitað sök og ekki leitast við að upplýsa málið við yfirheyrslur. Hann hafi því að mati stefnda stuðlað að aðgerðinni gegn sér og fyrirgert rétti til bóta, sbr. 228. gr. laga um meðferð sakamála. Verði ekki fallist á að stefnandi hafi fyrirgert rétti til bóta fari stefndi fram á að sú bótafjárhæð sem stefnandi krefjist vegna handtökunnar verði lækkuð.

Þá bendir stefndi á að leitað hafi verið á dvalarstað stefnanda sama dag og hann var handtekinn eða hinn 29. janúar 2010. Leitin hafi verið heimiluð samkvæmt dómsúrskurði. Við leitina hafi meðal annars verið lagt hald á skjöl, fartölvur og önnur tölvugögn. Í kröfu lögreglu um húsleit hafi komið fram að stefnandi væri undir rökstuddum grun um brot á lögum og reglum um gjaldeyrismál. Stefndi telur hér einnig að stefnandi hafi stuðlað að aðgerðinni gegn sér þar sem hann hafi ekki leitast við að upplýsa málið við yfirheyrslur. Verði ekki fallist á að stefnandi hafi fyrirgert rétti til bóta fari stefndi fram á að sú bótafjárhæð sem stefnandi krefjist verði lækkuð.

Hvað varði öflun gagna frá Símanum hf., sem heimiluð hafi verið með dómsúrskurði 28. janúar 2010, bendir stefndi á að atriði er tengt hafi dvöl sakborninga sjálfra hér á landi og hvar starfsemi þeirra hafi í reynd farið fram, hafi skipt miklu máli fyrir rannsókn sakamálsins. Því hafi öflun þessara gagna verið eðlilegur liður í viðleitni til að upplýsa málið og hvorki verið óréttmæt, tilefnislaus, né úr hófi fram. Þá hafi stefnandi ekki leitast við að upplýsa málið við yfirheyrslur hjá lögreglu og þannig stuðlað að aðgerðum gegn sér. Verði ekki fallist á að stefnandi hafi fyrirgert rétti til bóta fer stefndi fram á að sú bótafjárhæð sem stefnandi krefst sæti verulegri lækkun.

Hvað varði fyrri kyrrsetningabeidnina, dagsetta 29. janúar 2010, bendir stefndi á að forsenda hennar hafi verið verið sú að erfitt gæti verið að sækja á hendur stefnanda kröfu um upptöku ávinnings og/eða greiðslu sektar og sakarkostnaðar, væri engin trygging til staðar. Af dómi Hæstaréttar 25. janúar 2012, þar sem kyrrsetning eigna stefnanda hafi verið felld úr gildi á þeirri forsendu að rannsókn málsins hefði dregist úr hófi fram, verði að mati stefnda ekki önnur ályktun dregin en að fullnægt hafi verið skilyrðum um lögmæti kyrrsetningarinnar á þeim tíma er hún hafi verið gerð. Þá telur stefndi enn að líta beri svo á að stefnandi hafi stuðlað að aðgerðinni þar sem hann hafi ekki leitast við að upplýsa málið við yfirheyrslur hjá lögreglu. Stefndi bendir auk þess á að umrædd miskabótakrafa virðist að einhverju leyti fléttast saman við þá miskabótakröfu sem stefnandi geri vegna tafa á rannsókn málsins, sem að óbreyttu leiði til þess að hvoruga sé unnt að taka til greina. Verði ekki fallist á að stefnandi hafi stuðlað að kyrrsetningaraðgerðinni gegn sér og fallist á að tafir á rannsókn málsins hafi valdið honum miska fari stefndi fram á að sú bótafjárhæð sem stefnandi krefjist sæti verulegri lækkun.

Hvað varði haldlagningu tiltekens bankareiknings í eigu stefnda, sem undanþeginn hafi verið kyrrsetningunni 29. janúar 2010, þá bendi stefndi á að stefnandi hafi farið

fram á að haldlagningu fjármunanna yrði aflétt með bréfi til ríkislögreglustjóra, dagsettu 8. júlí 2010. Í svari ríkislögreglustjóra við erindinu 15. júlí 2010 hafi verið tekið fram að ekki væri tilefni til að aflétta haldlagningunni að svo stöddu og óskað eftir ítarlegri rökstuðningi. Af gögnum málsins virðist mega ráða að haldlagningin hafi breyst í kyrrsetningu í kjölfar samkomulags aðila sem legið hafi til grundvallar endurupptöku kyrrsetningargerðarinnar hinn 18. maí 2011. Til stuðnings sýknu og lækkun bóta vísi stefndi því til sömu sjónarmiða og rakin séu að framan og varði kyrrsetningu á eignum stefnanda 29. janúar 2010.

Með vísan til fyrri sjónarmiða um tilefni og ástæður þeirra aðgerða lögreglu í málinu sem varðað hafi öflun símagagna, þá hafnar stefndi kröfu stefnanda um miskabætur vegna öflunar gagna um símasamskipti hans. Verði ekki fallist á að stefnandi hafi fyrirgert rétt til bóta fari stefndi jafnframt fram á að sú bótafjárhæð sem stefnandi krefjist verði lækkuð.

Hvað síðari kyrrsetningargerðina varði, sem fram hafi farið 22. mars 2013, bendir stefndi á að hún hafi, eins og fyrri kyrrsetningargerðin, lotið að því að tryggja greiðslu sakarkostnaðar og upptöku ávinnings af ætluðum brotum. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um að hann hafi orðið fyrir miskatjóni af völdum þessarar kyrrsetningargerðar og því fái stefndi ekki séð í hverju ætlað tjón hans felist eða hvert orsakasambandið sé á milli þess og kyrrsetningarinnar. Dómur Hæstaréttar frá 25. janúar 2012, þar sem fyrri kyrrsetningin hafi verið felld úr gildi, hafi engan enda bundið á rannsókn málsins heldur haft í för með sér að lögregla hafi talið þörf á að beiðast kyrrsetningar á ný í eignum stefnanda. Stefndi byggir á því að öll lagaskilyrði hafi verið fyrir hendi við þá kyrrsetningu, enda hafi rannsóknin leitt í ljós verulegan ávinning af ætluðum brotum. Stefndi telur auk þess að stefnandi hafi stuðlað að aðgerðinni gegn sér, svo sem með því að leitast ekki við að upplýsa málið við yfirheyrslur hjá lögreglu. Verði talið að stefnandi hafi ekki fyrirgert rétti til miskabóta vegna síðari kyrrsetningargerðarinnar fari stefndi fram á að sú krafa sæti verulegri lækkun.

Þá mótmæli stefndi kröfu stefnanda um bætur vegna fjártjóns af völdum kyrrsetninganna. Ítrekuð sé sú afstaða stefnda að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að upphafsáðgerðum rannsóknarinnar í janúar 2010. Þá standi engin efni til þess, hvorki í ljósi dómafordæma né laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, að ákvarða stefnanda dráttarvexti eða almenna vexti á tímabili kyrrsetningarinnar. Stefndi hafi ekki heldur fært sönnur á að ætlað vaxtatap hans sé umfram þá vexti sem hann hefði notið á tímabilinu. Þá hafi stefnandi farið fram á miskabætur vegna

Þessarar sömu kyrrsetningaraðgerðar og vegna tafa á rannsókn málsins sem vart geti farið saman.

Stefndi bendir á að fyrir liggi að kyrrsetningin á umræddum bankainnstæðum hafi fallið niður 25. janúar 2012 á grundvelli fyrrgreinds Hæstaréttardóms. Enda þótt stefnandi hafi í kjölfar dómsins enn verið með réttarstöðu sakbornings hafi hann átt þess kost að krefjast miska- og skaðabóta frá íslenska ríkinu, teldi hann ekki hafa verið tilefni til gerðarinnar, sbr. 4. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann o.fl. og 2. mgr. 88. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Stefnandi, sem frá fyrstu stundu hafi notið lögmannaástoðar, hefði á þeim grundvelli getað takmarkað ætlað tjón sitt sem hann reikni sér hér sem dráttarvexti.

Krafa stefnanda vegna fjártjóns af völdum kyrrsetningarinnar sé að mati stefnda því marki brennd að vera í eðli sínu krafa um vexti en samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 fynnist slíkar kröfur á fjórum árum. Málið sé höfðað með stefnu 16. febrúar 2017 og því eigi kröfur stefnanda um vexti sem fallið hafi fyrir 16. febrúar 2013 að vera niður fallnir, þ.á m. sú krafa sem hér sé til umfjöllunar.

Hvað bótakröfu stefnanda vegna atvinnutjóns varðar byggi stefndi á því að aðgerðir lögreglu hafi engin áhrif haft á starfslok stefnanda hjá Straumi-fjárfestingabanka hf., sem hann samt sem áður reikni sér til tjóns. Stefnandi hafi misst vinnuna hjá Straumi í mars 2009, þ.e. áður en eftirlitsstjórnvöld og síðar lögregla hafi byrjað afskipti af málinu. Að mati stefnda skorti hér verulega á samhengi á milli dómkröfu stefnanda og málsástæðna í stefnu, og leiði það að mati stefnda til sýknu hans, ef ekki til frávísunar málsins af sjálfsdáðum. Þá mótmæli stefndi því einnig sérstaklega að þau kjör sem stefnandi hafi notið í starfi sínu fyrir Straum í Bretlandi séu lögð til grundvallar útreikningi á hugsanlegum tekjum hans síðar. Í því sambandi bendi stefndi á að það sé alls óljóst hvort og að hvaða leyti stefnandi hafi notið tekna eða getað orðið sér úti um atvinnutækifæri meðan á rannsókn málsins hafi staðið. Stefnandi mótmæli því sem röngu og ósönnuðu að nokkrar aðgerðir yfirvalda gagnvart stefnanda hafi einar og sér varnað því að hann hefði getað útvegað sér starf eða að öðru leyti aflað tekna á framangreindu tímabili. Fyrir þeirri staðhæfingu beri stefndi sönnunarbyrði sem ekki verði séð af stefnu og framlögðum gögnum að hann hafi axlað með neinu móti.

Að endingu mótmæli stefndi upphafstíma dráttarvaxta í öllum tilvikum. Engin efni standi til þess að ákvarða stefnanda dráttarvexti frá fyrra tímabili en málshöfðunardegi að því leyti sem kröfur hans kunni að verða teknar til greina. Þá

hafi þess sjónarmiðs einnig verið gætt í dómaframkvæmd er varði bætur vegna aðgerða lögreglu að látið sé þar við sitja og að aðrir vextir komi ekki til tals, sem að mati stefnda megi eflaust rekja til þess hversu erfitt geti verið að staðreyna slíkar kröfur fyrirfram, enda séu slíkar bætur oft á tíðum dæmdar að álitum. Með hliðsjón af því mótmæli stefndi einnig upphafstíma seðlabankavaxta sem stefnandi krefjist til vara í öllum tilvikum.

Að því leyti sem fallist yrði á með stefnanda að hann eigi tilkall til vaxta frá fyrra tímabili en málshöfðunardegi sé að mati stefnda þá ekki heimilt að viðurkenna þann rétt lengra aftur í tímann en fjögur ár frá höfðun málsins, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007.

IV.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um skaðabætur vegna ýmissa rannsóknaraðgerða sem hann sætti af hálfu lögreglu og sérstaks saksóknara frá 29. janúar 2010 til 18. febrúar 2016, þegar aflétt var síðustu kyrrsetningu í eign stefnanda. Þá krefst hann bóta vegna ummæla sem núverandi vararíkissaksóknari lét falla á opinberum vettvangi í upphafi rannsóknar málsins er hann starfaði hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, sem og eftir að málinu lauk. Ennfremur krefst hann bóta vegna dráttar á rannsókn málsins. Stefnandi reisir bótakröfu sína annars vegar á reglu 1. mgr. 246. gr., áður 228. gr., laga nr. 88/2008 um hlutlæga bótaábyrgð stefnda og hins vegar á almennu sakarreglunni.

i

Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 á sá sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta úr hendi stefnda ef hann er sýknaður með endanlegum dómi. Í 2. mgr. er tekið fram að bætur skv. 1. mgr. skuli dæma vegna aðgerða eftir IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi en þó megi lækka eða fella niður bætur ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem bótakrafan er reist á. Fyrir liggur að stefnandi sætti ýmsum aðgerðum samkvæmt IX., X., XI. og XII. kafla. laganna og var sýknaður með endanlegum dómi. Á hann því rétt til skaðabóta vegna aðgerða sem gripið var til á grundvelli heimilda í nefndum köflum laga nr. 88/2008, nema því aðeins að telja megi að hann sjálfur hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum.

Hvað varðar bótakröfu stefnanda vegna aðgerða lögreglu sem ekki falla undir IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008, þá verða þær kröfur ekki reistar á hinni hlutlægu bótareglu sem fram kemur í 1. mgr. 246. gr. laganna, enda í 2. mgr. hennar með

tæmandi hætti talið til hvaða aðgerða bótaskylda á þeim grunni kemur til álita. Er málsástæðu stefnanda í þessa veru hafnað.

Stefnandi reisir kröfur málsins m.a. á því að rannsókn málsins hafi verið tilhæfulaus. Á þetta felst dómurinn ekki. Fyrir liggur að starfsemi stefnanda og samstarfsfélaga hans sem rannsókn lögreglu laut að var umfangsmikil og til þess fallin að torvelda stjórnvöldum að ná markmiðum sínum í gjaldeyrismálum og tryggja að skilaskyldur gjaldeyrir skilaði sér til landsins. Þá verður jafnframt að telja að málið hafi við upphaf rannsóknar litið þannig út frá sjónarhóli lögreglu að rökstuddur grunur hafi verið uppi um að starfsemin væri andstæð ákvæðum laga um gjaldeyrismál og reglum settum samkvæmt þeim og jafnframt refsiverð á grundvelli þeirra laga og ákvæða hegningarlaga. Ekki er um það deilt að til grundvallar öllum aðgerðum lögreglu lágu úrskurðir dóms að því leyti sem lög áskilja. Hvað sem líður refsinaemi verknaðar stefnanda vegna skorts á samþykki ráðherra á reglum Seðlabankans mátti stefnanda vera ljóst að hin umfangsmikla starfsemi Aserta væri í andstöðu við markmið ákvæða gjaldeyrislaga nr. 87/1992, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 134/2008, og til þess fallin að vekja grunsemdir um refsiverðan verknað og því kallað á viðbrögð af hálfu lögreglu og annarra stjórnvalda.

Við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu þann 29. janúar 2010 veitti stefnandi litlar upplýsingar, neitaði að tjá sig um sakarefnið og gaf ótrúverðugar skýringar, m.a. á millifærslu hárra fjárhæða milli reikninga hans og fyrirtækisins Aserta AB á því tímabili sem rannsókn málsins tók til. Í síðari tveimur yfirheyrslunum neitaði hann alfarið að tjá sig.

Með vísan til þess sem að framan er rakið um tildrög rannsóknar lögreglu og viðbrögð stefnanda í yfirheyrslum er það mat dómsins að stefnandi hafi að nokkru stuðlað að þeim þvingunaraðgerðum sem beindust að honum og hans hagsmunum í skilningi 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Er af þessum sökum hafnað miskabótakröfu hans að því leyti sem hún varðar upphafsáðgerðir lögreglu, þ.e. vegna handtöku og yfirheyrslu 29. janúar 2010 auk húsleitar og leitar í bifreiðum hans sama dag og haldlagningar muna í kjölfar þeirra aðgerða. Sömu leiðis er með sömu rökum hafnað miskabótakröfu hans vegar gagnaöflunar lögreglu hjá Símanum og haldlagningar gagna frá því fyrirtæki og gagnaöflunar frá öðrum fjarskiptafyrirtækjum.

Hvað varðar kröfu um miskabætur vegna haldlagningar og kyrrsetningar fjármuna stefnanda verður hins vegar að taka mið af því að þótt aðgerðir lögreglu hafi í upphafi verið réttmætar þá stóðu þær lengur yfir en ástæða var til. Rannsókn málsins tók liðlega þrjú ár frá upphafsáðgerðum lögreglu og þar til ákæra var gefin út. Eftir að sakamálið var höfðað féll ákærvaldið frá stórum ákærulið en umfang rannsóknarinnar tók hins vegar mið af upphaflegum ákæruliðum. Þá kom fram við aðalmeðferð málsins að málsmeðferðartímann megi að hluta rekja til manneklu hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og síðar flutnings verkefna hennar til sérstaks saksóknara. Verulegir fjármunir og eignir stefnanda voru kyrrsettar og haldlagðar í tvö ár, þ.e. frá 29. janúar 2010 fram að þeim tíma þegar Hæstiréttur felldi niður kyrrsetninguna með dómi 25. janúar 2012. Þá var fasteign stefnanda að Holtabyggð 207 kyrrsett á ný 22. mars 2013 og stóð sú kyrrsetning þar til málinu að endingu lauk 18. febrúar 2016, þegar ljóst var að ákærvaldið áfrýjaði ekki dómi héraðsdóms. Á stefnandi rétt til miskabóta á grundvelli 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 vegna kyrrsetningar og haldlagningar eigna á rannsóknartíma, enda verður að telja að meginorsök þess hve langan tíma rannsókn málsins tók sé að rekja til atvika og aðstæðna sem stefndi beri ábyrgð á.

ii.

Verður þá næst vikið að miskabótakröfum stefnanda vegna annarra aðgerða, sem sýnt þykir að mati dómsins að falli ekki undir IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008 og verða af þeim sökum ekki reistar á bótagrundvelli 246. gr. laganna.

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu miskabóta vegna opinberra ummæla af hálfu rannsóknaryfirvalda er lutu að sekt stefnanda. Krafan beinist annars vegar að ummælum saksóknara hjá embætti ríkislögreglustjóra er féllu á blaðamannafundinum 29. janúar 2010 og jafnframt í viðtali við Morgunblaðið 2. febrúar s. á. Hins vegar beinist krafan að ummælum er féllu í viðtali við vararíkissaksóknara hjá Ríkisútvarpinu 23. febrúar 2016. Samtals nemur miskabótakrafa stefnanda vegna þessara kröfuliða 2.500.000 krónum.

Hvað varðar ummæli saksóknara hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra um sekt hans á blaðamannafundi 29. janúar 2010, þá liggur fyrir í gögnum málsins endurrit af áðurnefndum blaðamannafundi. Þar er eftirfarandi haft orðrétt eftir saksóknara:

„... Það hefur ekki áhrif á hugsanleg[a] refsíábyrgð og brot þessi teljast vera að okkar áliti allavega teljast þau sönnuð en ég vil hafa alltaf þennan fyrirvara að við erum að tala um mál í rannsókn og grunsemdir og annað slíkt.“

Þá liggur fyrir í gögnum málsins viðtal við hann í Morgunblaðinu 2. febrúar 2010 þar sem eftirfarandi kemur fram:

„... Þeir virðast hafa gert sér far um að halda sig formlega innan ramma laganna en við erum á þeirri skoðun að svo hafi ekki verið.“

Ljóst er af tilvitnuðum texta að af orðum saksóknara megi ætla að stefnandi hafi gerst sekur um refsivert athæfi og það á þeim tíma er rannsókn málsins var skammt á veg komin og ákæra hafði ekki verið gefin út. Þá var yfirheyrslum yfir stefnanda ekki lokið á þessum tíma. Þó að ákveðnir fyrirvarar séu hafðir um ætlaða sekt stefnanda, sbr. síðari hluta fyrri ummælanna, þykja hvor tveggja ummælin, eins og þau voru sett fram, einkum í ljósi hlutlægnisskyldu þeirrar er á ákærvaldinu hvílir, sbr. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008, hafa verið óheppileg og ótímabær og gefið sekt stefnanda fyrirfram til kynna. Að mati dómsins þykir hann því eiga rétt til miskabóta sökum þeirra, enda hafi ummælin verið til þess fallin að veða að æru hans.

Ummæli vararíkissaksóknara í viðtali við Ríkisútvarpið þann 23. febrúar 2016 lét hann falla aðspurður um ástæður þess að embætti ríkissaksóknara hefði ákveðið að hætta við áfrýjun dóms héraðsdóms í sakamálinu á hendur stefnanda. Þá var í viðtalinu einnig rætt um hve lengi rannsóknin hefði staðið yfir en í máli vararíkissaksóknara kom fram að hún hefði tekið mun lengri tíma en til stóð sökum manneklu og fjárskorts. Ummæli þau er stefnandi krefst miskabóta fyrir hljóða svo:

„Og í ljósi þess að þá teljum við að miklar líkur séu á því að Hæstiréttur myndi telja að þetta vera fyrnt þessar sakir.“

Að mati dómsins þykja þessi ummæli ekki vera til þess fallin að vera sérstaklega meiðandi eða særandi fyrir stefnanda, einkum í því samhengi er þau voru látin falla. Eingöngu er verið að skýra frá þeim ástæðum er lágu að baki þeirri ákvörðun embættis ríkissaksóknara að falla frá áfrýjun og því mati sem lá til grundvallar henni. Af þeim sökum verður ekki fallist á kröfu stefnanda um miskabætur vegna þeirra.

Hvað varðar kröfu stefnanda um bætur vegna óhæfilegs dráttar á rannsókn málsins er ekki fallist á að það veiti stefnanda sjálfstæðan rétt til bóta.. Áður er rakið að kyrrsetning og haldlagning eigna stefnanda stóð lengur yfir en efni stóðu til vegna þess hve langan tíma tók að rannsaka mál stefnanda. Við ákvörðun um fjárhæð miskabóta er tekið tillit til þessa. Að öðru leyti er hafnað bótakröfu stefnanda sem tengist rannsóknartímanum.

iii.

Þá gerir stefnandi kröfu um bætur fyrir fjártjón vegna kyrrsetningar og haldlagningar peningalegra eigna inni á bankareikningum hans. Fjárfrafa hans er byggð á mismun greiddra vaxta af umræddu fé og dráttarvöxtum á sama tíma, eða til vara og þrautavara miðað við vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 og 8. gr. sömu laga.

Í 2. mgr. 246. gr. laganna er mælt fyrir um það að bótaskylda samkvæmt ákvæðinu taki bæði til fjártjóns og miska ef því er að skipta. Hér að framan hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að skilyrði bóta samkvæmt greininni séu fyrir hendi að því er varðar kyrrsetningu og haldlagningu fjármuna stefnanda. Sönnunarbyrðin um það að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni vegna kyrrsetningar og haldlagningar fjármuna á reikningum hans hvílir á stefnanda. Af hálfu stefnanda hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna fram á slíkt tjón. Ekki er fallist á það með stefnanda að lagaskilyrði standi til þess að ákvarða honum einhvers konar meðalhófsbætur sem felist í mismun ávöxtunar fjármuna annars vegar og dráttarvaxta eða vaxta miðað við tiltekinn annan vaxtafót hins vegar. Er þessari kröfu hans því hafnað.

Að endingu gerir stefnandi kröfu um bætur fyrir atvinnutjón frá þeim tíma er rannsókn málsins hófst og þar til hann fékk atvinnu að nýju í maí 2012, nánar tiltekið frá og með febrúar 2011 til og með apríl 2012, samtals í 27 mánuði. Stefnandi byggir á því að hann eigi á þessu tímabili rétt á þeim tekjum sem hann hafði í starfi sínu hjá Straumi fjárfestingabanka hf. samkvæmt ráðningarsamningi sem lagður hefur verið fram í málinu. Þar kemur fram að árstekjur stefnanda þar hafi numið 110.000 sterlingspundum sem að sögn stefnanda nemi, að viðbættu 10,17% orlofi, samtals 2.047.959 krónum í mánaðarlaun.

Samkvæmt gögnum málsins féll Straumur 9. mars 2009 og er óumdeilt að stefnandi hætti þar störfum í kjölfarið. Starfslok stefnanda hjá því fyrirtæki eru því alls ótengd rannsókn á ætluðum brotum stefnanda í starfi í þágu Aserta AB, sem hann hóf fljótlega eftir starfslok hjá Straumi. Gögn málsins benda enn fremur til að stefnandi hafi haft tekjur af þessari starfsemi. Rannsókn á starfsemi Aserta hófst 19. nóvember 2009. Þá kemur fram í stefnu að starfsemi Aserta hafi lagst af eftir að reglur Seðlabankans nr. 880/2009 tóku gildi í lok október 2009. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem styðja staðhæfingar stefnanda um að rannsókn lögreglu hafi hindrað atvinnuþátttöku hans. Skortir því bæði á að stefnandi hafi sýnt fram á atvinnutjón á umræddu tímabili og jafnframt að orsakatengsl séu á milli aðgerða lögreglu og slíks tjóns. Verður kröfu stefnanda um bætur fyrir atvinnutjón

því hafnað.

iv.

Með vísan til alls framangreinds er fallist á kröfu stefnanda um miskabætur vegna kyrrsetningar og haldlagningar fjármuna og eigna hans og bætur vegna ummæla saksóknara við upphaf rannsóknaraðgerða. Eru bætur vegna þessa metnar að álitum og hæfilega ákveðnar 1.400.000 krónur með dráttarvöxtum svo sem stefnandi krefst, en upphafstími dráttarvaxta skal vera 28. febrúar 2017, þegar mánuður var liðin frá málshöfðun þessari, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Rétt er að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar vegna reksturs málsins samkvæmt gjafsóknarleyfi dagsettu 27. júní 2017. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Reimars Péturssonar, sem er hæfilega ákveðin 1.100.000 krónur.

Málið flutti Reimar Pétursson lögmaður fyrir stefnanda og Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður fyrir stefnda. Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Gísla Reynissyni, 1.400.000 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 28. febrúar 2017 til greiðsludags. Málskostnaður milli aðila fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Reimars Péturssonar, 1.100.000 krónur.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir